

Sveitarfélagið Hornafjörður  
Skipulagsstjóri  
Hafnarbraut 27  
780 Höfn í Hornafirði

Reykjavík 11. október 2017  
UST201709-008/K.S.J.  
10.04.03

**Efni: Deiliskipulag, tillaga að deiliskipulagi tengivirkis að Hnappavöllum,  
Öræfum, Sveitarfélaginu Hornafirði**

Vísað er til erindis skipulagsstjóra Sveitarfélagsins Hornafjörður er barst 1. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi tengivirkis að Hnappavöllum.

Samkvæmt ofangreindri tillögu að deiliskipulagi felur hún í sér að byggt verði tengivirki á svæði sem er 1,6 ha. Í tillögunni kemur fram að mannvirki verða alls þrjú: rofasalur allt að 350 m<sup>2</sup> og 13 m hár, spennirými sem er 100 m<sup>2</sup> og 10 m hátt og stjórnhús 150 m<sup>2</sup> og 6 m hátt.


**Byggingar og umhverfisskýrsla**


Í tillögunni kemur fram að áhrif áætlaðra framkvæmda felist einkum í breytingu á ásýnd, þar sem landið á framkvæmdasvæðinu er fremur flatt. Einnig kemur fram að klæðning mannvirkjanna skuli vera í góðum gæðum með ómáluðu eða húðuðu yfirborði.

Stofnunin bendir á að ofangreind deiliskipulagstillaga er ekki í samræmi við breytt aðalskipulag sama svæðis, en þar segir að í deiliskipulagi skuli setja skilmála um vandaða hönnun, efnisval og litaval á mannvirkinu og að setja eigi upp jarðvegsmanir til að draga úr ásýnd tengivirkisins.

Að mati Umhverfisstofnunar ættu ofangreindir þættir að koma fram í deiliskipulagstillögunni til að stuðla að því að draga úr neikvæðum sjónrænum áhrifum framkvæmdarinnar.

Virðingarfyllst

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Agnar B Bragason  
Teymisstjóri